

## AUGLÝSING

### um takmörkun veiða á norska vorgotssíldarstofninum.


#### 1. gr.

Með hliðsjón af 7. gr. alþjóðasamnings um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959, hafa ríkisstjórnir Íslands, Noregs og Sovétríkjanna gert með sér samkomulag um takmörkun veiða á norska vorgotssíldarstofninum. Efni samkomulags þessa er birt í 2.—5. gr. auglýsingar þessarar.

#### 2. gr.

Veiðar á hinum kynþroska hluta norskrar vorgotssíldar skulu vera bannaðar á aflaskýrslusvæðum Alþjóðahafrafnssóknaráðsins nr. I, II og Vb frá þeim degi, sem samningur þessi tekur gildi. Svæði þessi eru sérstaklega afmörkuð á uppdrætti, er prentaður er með auglýsingu þessari.

Bann þetta gildir ekki um veiðar í rannsóknaskyni, sem gerðar eru á vegum fiskveiðiyfirvalda til að fá vitneskju um stofninn og göngur hans.



#### 3. gr.

Hlutaðeigandi ríki skuldbinda sig til að takmarka veiðar á smásíld og millisíld á aflaskýrslusvæði Alþjóðahafrafnssóknaráðsins nr. I og II, þannig að þær verði ekki meiri en 45% af því magni, er viðkomandi lönd veiddu 1969 skv. þeim aflaskýrslum, sem fyrir liggja.

## 4. gr.

Hlutaðeigandi ríki gera ráðstafanir til að ákvæðum 1. og 2. greinar verði framfylgt og skulu tilkynna hvert öðru í hverju slíkar ráðstafanir séu fólgnar.

## 5. gr.

Ábyrgar stofnanir hlutaðeigandi ríkja skulu senda hver annarri aflaskýrslur mánaðarlega, ef samanlagður aflfi fer yfir 100 smálestir.

## 6. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á auglýsingu þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot refsingum samkvæmt 2. gr. laga nr. 14 30. marz 1960 og 3. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins.

## 7. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 30. marz 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. febrúar 1972.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Þórður Ásgeirsson.*

Nr. 41.

## REIKNINGUR

Félagsstofnunar stúdenta fyrir árið 1970.

### Gjöld :

1. Rekstrargjöld sér fyrirtækja:			
a. Gjöld Stúdentagarðanna .....	kr. 2 837 316.92		
Fyrningar .....	— 216 699.25		
			kr. 3 054 016.17
b. Gjöld Hótel Garðs .....	kr. 3 380 789.20		
Fyrningar .....	— 93 858.05		
			— 3 474 647.25
c. Gjöld Kaffistofu stúdenta .....	kr. 992 019.60		
Fyrningar .....	— 15 060.00		
			— 1 007 079.60
d. Gjöld Bóksölu stúdenta .....	kr. 4 504 424.87		
Fyrningar .....	— 15 718.00		
			kr. 4 520 142.87
e. Gjöld Ferðaþjónustu stúdenta .....	— 5 000.00		
f. Gjöld Stúdentaskiptasjóðs .....	— 340 000.00		
g. Gjöld Matstofu stúdenta .....	— 1 076 202.70		
			kr. 13 477 088.59